

Nd. **10. Frumvarp til laga** [10. mál]

um breyting á lögum um sementsverksmiðju, nr. 35 frá 1. apríl 1948.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Benedikt Gröndal, Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sementsverksmiðjunnar skal skipuð 5 mönnum, sem sameinað Alþingi kys til fjögurra ára í senn, svo og tveimur starfsmönnum verksmiðjunnar, sem kjörnir eru til jafnlangs tíma af starfsfólki hennar samkvæmt reglugerð, sem ráðherra setur. Iðnaðarráðherra skipar formann verksmiðjustjórnar úr hópi stjórnarmanna. Verksmiðjustjórn hefur á hendi yfirstjórn verksmiðjunnar. Iðnaðarráðherra setur henni erindisbréf og ákveður laun hennar.

Til þess að skuldbinda sementsverksmiðjuna þarf undirskrift fjögurra stjórnarmanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978.

Greinargerð.

Mál um sama efni var flutt af sömu flm. á síðasta Alþingi — þá sem VI. kafli í frv. til l. um atvinnulýðræði á þskj. 315. M. a. vegna ábendinga, sem fram komu við umr. um frv., er málið nú flutt sem sérstakt þingmál, en þó í tengslum við þrjú önnur: frv. til l. um breyt. á hlutafélagalögum, nr. 77/1921, frv. til l. um breyt. á l. um Áburðarverksmiðju ríkisins og frv. til l. um samstarfsnefndir starfsfólks og stjórnenda fyrirtækja og stofnana, en þessi mál voru öll áður sérstakir kaflar í frv. um atvinnulýðræði. Engu að síður er þetta mál alveg sjálfstætt og sérstakt, þannig að út af fyrir sig er hægt að samþykkja frv. án tillits til þess hver úrslit hinna málaanna verða.

Um atvinnulýðræði almennt vísast til grg. með frv. til l. um breyt. á l. um hlutafélög, sem — eins og áður sagði — er flutt í tengslum við þetta mál, svo og til ítarlegrar grg. með frv. því um atvinnulýðræði sem sömu flm. fluttu á síðasta Alþingi og prentað er í þingtíðindum.

Um þetta sérstaka mál er það að segja, að það hefur áður komið til kasta Alþingis — nánar til tekið árið 1967, en þá flutti Benedikt Gröndal frv. þess efnis, að starfsfólki sementsverksmiðjunnar væri heimilað að kjósa úr sínum hópi tvo fulltrúa til setu í stjórn með sömu réttindi og skyldur og aðrir stjórnarmenn. Frumvarp þetta var rætt og sent í nefnd, en átti þaðan ekki afturkvæmt. Nú kemur frv. um sama efni sem sé í þriðja sinn til kasta Alþingis, og er fyllilega tímabært að málið verði afgreitt með jákvæðum hætti. Að öðru leyti verður nánari grein gerð fyrir málinu í framsögu.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Við 1. gr.

Í greininni er lagt til að þær breytingar verði gerðar á 1. málslíð 4. gr. laganna um sementsverksmiðju, að í viðbót við þá 5 stjórnarmenn sementsverksmiðjunnar, sem Alþingi kýs, skuli starfsfólk verksmiðjunnar kjósa tvo fulltrúa sína í stjórn hennar samkvæmt reglugerð, sem ráðherra setur. Þá er lögð til sú breyting við 2. málslíð sömu greinar laganna, að í stað þess, sem þar segir, að atvinnumálaráðherra skipi formann verksmiðjustjórnar, komi það í hlut iðnaðarráðherra. 3. málslíður 4. gr. er óbreyttur í frv. frá gildandi lögum, en 4. málslíður sömu gr. breytist þannig, að í stað atvinnumálaráðherra setur iðnaðarráðherra stjórninni erindisbréf og ákveður henni laun.

Þá er lagt til að ný mgr. — 2. mgr. — bætist við 4. gr. laganna um sementsverksmiðju, þar sem segi, að til þess að skuldbinda verksmiðjuna þurfi undirskrift fjögurra stjórnarmanna. Er þessi breyting gerð til samræmis við 3. mgr. 6. gr. laga um Áburðarverksmiðju ríkisins og er engin meginefnisbreyting heldur aðeins til samræmis.

Við 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.